

Fimmtudaginn 15. maí 1997.

Nr. 129/1996.

Ívar Baldvinsson

(Einar G. Steingrímsson hdl.)

gegn

Finni Gærdbo Péturssyni

(Jónatan Sveinsson hrl.)

Skaðabótamál. Samningur. Veðiheimildir.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Haraldur Henrysson, Guðrún Erlendsdóttir, Hjörtur Torfason, Hrafn Bragason og Pétur Kr. Hafstein.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 29. mars 1996. Krefst hann þess aðallega, að hinn áfrýjaði dómur verði ómerktur og málinu vísað heim í hérað til málflutnings og dómsuppkvaðningar að nýju. Til vara krefst hann þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 11.277.687 krónur með nánar tilgreindum dráttarvöxtum samkvæmt vaxtalögum nr. 25/1987 frá 22. júlí 1991 til greiðsludags. Til þrautavara krefst hann lægri fjárhæðar að mati Hæstaréttar úr hendi stefnda með nánar tilgreindum vöxtum. Í öllum tilvikum krefst hann málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst þess, að kröfu áfrýjanda um ómerkingu og heimvísun verði hafnað og að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur. Einnig krefst hann málskostnaðar úr hendi áfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Áfrýjandi hefur lagt fram nokkur ný gögn fyrir Hæstarétt. Er þar um að ræða bréf, er lögmaður hans hefur ritað sjávarútvegsráðuneytinu og samráðsnefnd samkvæmt 7. mgr. ákvæðis II til bráðabirgða í lögum nr. 38/1990 um stjórn fiskveiða, svarbréf við þeim og fylgiskjöl.

I.

Áfrýjandi byggir aðalkröfu sína um ómerkingu og heimvísun málsins á því, að héraðsdómari hafi látið hjá líða að taka efnislega afstöðu til málsástæðna aðila, og fullnægi dómurinn ekki ákvæðum 114. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála. Á þetta verður ekki fallist. Í dóminum er tekin rökstudd afstaða til þess ágreiningsefnis,

sem uppi er í málinu, þ. e., hvort stefndi hafi vanefnt samkomulag sitt við áfrýjanda og bakað sér skaðabótaskyldu gagnvart honum. Er kröfu þessari því hafnað.

II.

Í fundargerðum samráðsnefndar þeirrar, sem áður er getið og lagðar hafa verið fyrir Hæstarétt, kemur fram, að á fundum nefndarinnar 27. og 28. desember 1990 var fjallað um beiðni þess efnis, að veiðireynsla Bylgju I, SH 273, yrði flutt yfir á Pétur Jacob II, SH 337 (áður Maron, AK 66), og lögð til grundvallar við útreikning aflahlutdeildar fyrir árið 1991. Á fundi nefndarinnar 28. desember var beiðninni hafnað með vísan til þess, að nefndin teldi það enn eiga við samkvæmt þeim gögnum, sem hún hefði undir höndum, að kaup áfrýjanda á síðarnefnda bátnum af stefnda hefðu verið málamyndagerningur. Var veiðileyfi til skipsins, sem sjávarútvegsráðuneytið gaf út 18. febrúar 1991, við þetta miðað.

Með vísan til ofanritaðs til viðbótar þeim atriðum, sem rakin eru í niðurstöðu héraðsdóms, verður hann staðfestur.

Dæma ber áfrýjanda til greiðslu málskostnaðar fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði segir.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Ívar Baldvinsson, greiði stefnda, Finni Gærdbo Péturssyni, 150.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Vesturlands 29. desember 1995.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 18. desember sl. að loknum munnlegum málf lutningi, hefur Ívar Baldvinsson, kt. 191139-7559, Skálholti 9, Ólafsvík, höfðað á hendur Finni Gærdbo Péturssyni, kt. 250638-4859, Ólafsbraut 54, Ólafsvík.

Endanlegar dómkröfur stefnanda eru þær aðallega, að stefnda verði gert að greiða stefnanda 11.277.687 kr. auk eftirfarandi vanskilavaxta p. a., samkvæmt 10. gr., sbr. 12. gr. vaxtalaga [...]. Til vara krefst stefnandi lægri fjárhæðar að mati dómsins, og ef niðurstaða dómsins verði sú, að dráttarvexti eigi að reikna frá síðara tímamarki en að framan greinir, krefst stefnandi vaxta samkvæmt 5. gr. vaxtalaga frá ofangreindum dagsetningum til þess

dags, en til þrautavara samkvæmt 7. gr. sömu laga. Þá krefst stefnandi málskostnaðar að skaðlausu.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði algerlega sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða stefnda málskostnað samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

II.

Mál þetta var dómtekið 11. maí sl., en endurupptekið 30. júní sl. og frest- að óákveðið til endurflutnings, þar til fyrir lægi dómur Hæstaréttar í málinu: Ívar Baldvinsson gegn íslenska ríkinu og Valafelli hf. til réttargæslu. Hæstaréttardómur var kveðinn upp í því máli 23. nóvember sl., og var mál þetta því endurflutt 18. desember sl. og dómtekið að nýju.

III.

Stefnandi rekur fiskverkun í Ólafsvík undir nafninu Fiskiðjan Bylgja hf., en hefur auk þess átt og gert út báta.

Hinn 17. apríl 1989 seldi Fiskiðjan Bylgja hf. Jósef Valgeirssyni, kt. 251032-4119, 7,54 brúttórúmlesta bát, mb. Bylgju I, SH-273 (skipaskrárnúmer 1519). Á þeim tíma voru í gildi lög nr. 3/1988. Samkvæmt C-lið 10. gr. þeirra laga skyldi úthluta bátum undir 10 brl., sem stunduðu netaveiðar, kvóta. Á þessum grundvelli hafði kvóti Bylgjunnar verið ákvarðaður. Á þessum tíma var framsal á aflamarki óheimilt, sbr. E-lið 10. gr. laganna.

Stefndi, sem gert hefur út fiskibáta sjálfur, keypti 4. desember 1989 vél- skipið Gísla Kristján, ÁR-35, skipaskrárn. 1234, af Heimi Gíslasyni. Bátur þessi var áður í eigu Guðjóns Theódórssonar og hét þá Maron, AK-66. Af- sal fyrir bátnum gekk beint frá Guðjóni til stefnda. Stefndi kveðst þegar við kaupin hafa greitt umsamið söluverð bátsins, fengið hann afhentan og hafið róðra á honum frá Ólafsvík þegar í desember, enda hafi þá verið óveitt af aflaheimild bátsins nálægt 20 tonnum. Stefndi kveður ætlun sína hafa verið þá að gera bátinn út árið 1990 og flytja síðan aflaheimildir hans yfir á stærri bát í sinni eigu, Pétur Jacob, SH-337, skipaskrárnúmer 1227, 12 rúml. að stærð, úrelða minni bátinn eða selja hann án kvóta. Stefndi kveður ástæðu sína fyrir kaupunum hafa verið m. a. góða aflareynslu bátsins á árunum 1987 – 1989, og hafi því mátt vænta 120 tonna aflaheimildar hans árið 1990. Stefndi kveður Guðjón, fyrri eigandi bátsins, hafa ætlað að sækja um kvóta á bátinn, en í lok janúar hafi Guðjón afturkallað beiðnina, svo að stefndi hafi verið í þeirri stöðu að fá 65 tonna kvóta óslægd. Hafi það verið von- brigði fyrir stefnda.

Stefnandi kveður stefnda hafa komið að máli við stefnanda í byrjun jan- úar 1990 og stungið upp á, að hann, þ. e. stefnandi, yrði eigandi að bátnum að nafninu til og tryggði þar með, að aflareynsla hans færi ekki forgörðum.

Stefnandi kveður sér þá hafa verið ljóst, að ný lög um fiskistjórnun væru í undirbúningi og því væri sér nauðsynlegt að eignast bát að nýju, svo að persónuleg veiðireynsla sín færi ekki forgörðum. Stefnandi kveður aflareynslu sína hafa verið um 150 tonn, aðallega í þorski, en kvóti, sem stefndi myndi fá, yrði um 36 tonn. Stefnandi kveður stefnda hafa átt að fá fyrir greiðann að veiða kvóta stefnanda í eitt ár. Stefnandi kveðst hafa látið til leiðast, þar sem með þessu móti missti hann aðeins 36 tonn af sinni veiðireynslu, en á móti kæmi, að hann þyrfti þá ekki að kaupa bát til þess að tryggja aflareynslu sína.

Hinn 19. febrúar 1990 lét stefndi af hendi við stefnanda afsal fyrir bátnum. Sama dag sótti stefnandi til sjávarútvegsráðuneytisins um veiðileyfi út á bátinn, sem fengið hafði nafnið Pétur Jacob II SH-337. Gerði ráðuneytið athugasemdir við það, að afsalið, sem fylgdi umsókninni, kæmi ekki frá þinglýstum eiganda bátsins, Guðjóni Theódórssyni.

Hinn 1. mars 1990 var bátnum afsalað beint til stefnanda frá Guðjóni Theódórssyni, kt. 030163-3899. Þessu afsali var þinglýst 13. mars 1990.

Hinn 17. mars 1990 var tilkynnt með leyfisbréfi, að Pétri Jacobi II yrði úthlutað 120 lesta aflakvóta, sem stefnandi kveður hafa byggt á aflareynslu sinni á mb. Bylgju I, SH-273, sem hann hafi selt 17. apríl 1989. Sama dag afhenti stefndi afsalið frá stefnanda á bátnum Pétri Jacobi II til þinglýsingar. Með bréfi sama dag tilkynnti ráðuneytið, að það hygðist fella ákvörðunina úr gildi, þar sem stefnandi hefði afsalað bátnum sama dag og hann hefði fengið afsal til sín, og því teldi ráðuneytið, að um málamyndagerning væri að ræða.

Stefndi afsalaði þá stefnanda bátnum á nýjan leik með afsali, dagsettu 29. maí 1990, og var ákvörðun ráðuneytisins því aldrei felld úr gildi. Jafnframt var ritað á afsalið, að gengið skyldi frá afsali yfir á afsalsgjafa eins fljótt og unnt væri, án þess þó að kvótamillifærslan yrði skert.

Hinn 13. júlí 1990 seldi stefnandi Valafelli hf. 50 tonna þorskkvóta. Kaupverð var 100 kr. pr. kg, samtals 5.000.000 kr. Kaupsamningnum var þinglýst sem kvöð á bátinn. Stefnandi kveður kvótann hafa verið seldan að höfðu samráði kaupanda við stefnda og eignarrétt stefnanda til kvótans verið hafinn yfir allan vafa. Í vitnisburði Björns Erlings Jónassonar hér fyrir dómi kom fram, að hann hafði samband við stefnda og tilkynnti honum um þessi kaup, og kveðst hann hafa spurt stefnda, hvort hann hefði eitthvað við þau að athuga, en stefndi ekki haft neinar athugasemdir við þessa sölu. Fyrir dómi kvað stefndi þetta rétt vera, að Björn hefði haft samband við sig símaleiðis og sagt sér frá þessum kaupum. Kvaðst stefndi ekki hafa gert neinar athugasemdir við þau kaup.

Hinn 6. september 1990 gaf sjávarútvegsráðuneytið út veiðileyfi til mb. Péturs Jacobs II, SH-337. Stefnandi kveður aflahámarkið hafa verið 150 tonn að viðbættum flutningi milli árána 1989-1990, samtals 164,125 tonn. Stefndi kveður þetta vera rangt, og hafi hér verið um að ræða tilkynningu um viðbótarkvóta, og hafi sá kvóti aldrei verið sóttur í sæ.

Stefnandi kveður stefnda hafa komið til sín sama dag og stefnandi hafi afsalað kvótanum til Valafells og beðið um afsal fyrir bátnum. Stefnandi kveðst hafa gert það gegn því, að stefndi lofaði að þinglýsa ekki því afsali, fyrr en búið væri að ganga frá kvótaskiptunum. Viðstaddur þetta samtal þeirra hafi verið sonur stefnanda, Baldvin Leifur. Stefndi mótmælir þessari fullyrðingu stefnanda sem rangri. Stefnandi kveður stefnda hafa brugðist skjótt við og þinglýst afsalinu og þannig komið í veg fyrir, að aflahlutdeild bátsins færi til Valafells hf. Þessu mótmælti stefndi einnig sem röngu og ósönnuðu.

Hinn 20. febrúar 1991 var gefin út aflaheimild til fiskiskipa fyrir fiskveiði-árið 1. janúar 1991 til 31. ágúst 1991. Aflaheimildir til Péturs Jacobs II, SH-337, voru 55.928 kg af slægðum þorski, 7.245 kg af slægðri ýsu og 16 kg af ufsa, samtals 63.189 kg. Stefndi kveður þá aflaúthlutun hafa byggst á aflareynslu bátsins sjálfs frá árunum 1987 til 1989, en ekki á „Bylgjukvótanum“.

Afsal stefnanda til handa stefnda er dagsett 22. febrúar 1991, og afhenti stefndi það til þinglýsingar 25. sama mánaðar.

IV.

Stefnandi kveðst reisa kröfur sínar á því, að stefndi hafi rofið samning sinn við stefnanda, þegar þeir hafi ákveðið að fara út í þessi viðskipti, með þeim afleiðingum, að „Bylgjukvótinn“ hafi glatast stefnanda með öllu. Heldur stefnandi því fram, að um persónubundinn rétt sinn til kvóta hafi verið að ræða, og hafi það ráðið viðskiptum aðila. Stefndi verði að setta sig við breytt verðgildi verðmætanna, en ekki sé unnt að breyta samningnum þrátt fyrir þessa ákvörðun stjórnvalda.

Stefnandi kveður stefnufjárhæð sína byggjast á eftirfarandi:

1. Krafa stefnanda til 8.250.000 kr. og 484.562 kr. reisir stefnandi á tjóni sínu samkvæmt sáttinni við Valafell hf. á dskj. nr. 33, en á því tjóni beri stefndi ábyrgð.

2. Kröfu um 2.478.125 kr. sé verðmæti leigukvóta í eitt ár árið 1990, reiknað út frá 101.725 kg, sem fundin séu þannig:

Úthlutaður kvóti á Pétur Jacob II	
miðað við óslægt árið 1990	164.125 kg
Sá kvóti, sem komið hefði á bátinn, ef	
„Bylgjukvótans“ hefði ekki notið, sbr. dskj. nr. 6	(52.000 kg)
20% viðbót vegna munar á slægðu og óslægðu	(10.400 kg)
	<hr/>
Samtals	101.725 kg

Miðað við sanngjarnt leiguverð á kvóta sé 25 krónur á hvert kg árið 1990 og 25 krónur \times 101.725 geri 2.478.125 kr. (?).

Stefnandi kveður lögmann sinn hafa fyrr á árinu 1994 haft samband við lögmann stefnda og tjáð honum, að hann hygðist hefja málsókn á hendur stefnda. Hafi lögmaður stefnda þá tjáð honum, að „Bylgjukvóti“ hefði ekki farið á Pétur Jacob II árið 1991, eins og til hefði staðið. Stefnandi kveðst hafa sannreynt þetta. Hins vegar hefði stefndi leynt stefnanda þessu og narrað út úr honum afsal. Kveðst stefnandi hafa getað kippt þessu í liðinn, hefði hann vitað þetta, enda hefði sjávarútvegsráðuneytið engan rétt haft til þess að úthluta með þessum hætti, og hefði þetta örugglega fengist leiðrétt.

Með hliðsjón af sambandi aðila málsins kveður stefnandi stefnda hafa borið að skýra sér frá þessu, þegar þetta hafi komið í ljós, og hafi þetta afhafnaleysi stefnda valdið stefnanda stórtjóni, sem stefndi verði að bera ábyrgð á.

Athafnaleysi og hegðun stefnda í þessu máli leiði til þess, að forsendur fyrir endurgjaldslausrí notkun á aflareynslu stefnanda hafi brostið, og eigi stefnandi því rétt á leigugjaldi fyrir kvótann, og leiði þetta jafnframt til þess, að forsendur endurgjaldslausra nota stefnda af kvótanum hafi einnig brostið. Verði stefndi því að borga kvótaleigu. Stefnandi eigi í öllu falli að greiða þá auðgun, sem hafi orðið af „Bylgjukvótanum“.

Með hliðsjón af því, að stefndi hafi samþykkt í orði og verki framsal aflaheimildar til Valafells hf., sé hann skaðabótaskyldur fyrir hindranir sínar í því efni, enda hafi sú yfirfærsla verið hluti af samningi aðila. Stefnandi kveður og tjón sitt af því að hafa tapað „Bylgjukvótanum“ hafa verið meira, en þó geri hann ekki frekari kröfur á hendur stefnda.

V.

Stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að stefndi hafi staðið við allar skyldur sínar samkvæmt samkomulaginu við stefnanda, sem þeir hafi gert í febrúar 1990.

Stefndi kveðst hvergi hafa komið nálægt gerð samkomulags stefnanda við Valafell hf. um kvótasölu frá 13. júlí 1990, og því síður hafi hann ábyrgst efndir þess með einum eða öðrum hætti. Stefnandi og forsvarsmönnum

Valafells hf. hafi átt eða mátt vera það ljóst, er þeir gerðu samkomulag sín í milli, að ekki hafi mátt vænta þess, að úthlutaður kvóti til vs. Péturs Jacobs II árið 1990 yrði umfram það, sem þeir kalli í samkomulaginu lágmarkskvóta til báta af slíkrri stærð. Vísar stefndi í því sambandi til 4. mgr. ákvæðis II til bráðabirgða við lög nr. 38/1990 um stjórnun fiskveiða, sem tóku gildi 15. maí 1990, en komu til framkvæmda 1. janúar 1991, sbr. 23. gr. laganna. Bæði stefnanda og forsvarsmönnum Valafells hf. hafi átt og mátt vera kunn ákvæði þessara laga, er þeir hafi gert samkomulag sitt, m. a. um það, að lög hafi beinlínis boðið, að aflahlutdeild báta á borð við Pétur Jacob II skyldi byggð á veiðireynslu árána 1987-1989, þannig, að miðað sé við meðalaflla tveggja bestu árána. Lög hafi ekki staðið til, að farið yrði eftir svokölluðum „Bylgjukvóta“, þ. e. veiðireynslu ársins 1990. Þar með hafi brostið forsenda fyrir efdum þess hluta samkomulags stefnda, að stefnandi fengi til ráðstöfunar aflaheimildir bátsins, sem miðaðar yrðu við veiðireynslu ársins 1990, þ. e. „Bylgjukvóta“.

Með samningi stefnanda og Valafells hf. sé verið að ráðstafa þorskvóta umfram þann lágmarkskvóta, sem aðilar kalli svo, sem verði á stærðarflokki Péturs Jacobs. Þetta sýni glögglega, að verið sé að ráðstafa einhverjum óskilgreindum kvóta með fyrirvörum um, að báturinn fái kvóta umfram það, sem þeir nefni „umframkvóta“, sem sé væntanlega kvóti, sem endanlega falli til bátsins samkvæmt fyrrgreindu ákvæði 4. mgr. II. kafla ákvæðis laganna til bráðabirgða.

Þá sé með öllu ljóst, að svokallaður „Bylgjukvóti“ hafi fallið niður vegna sjálfra lagabodanna, og því með öllu óskiljanlegt, hvernig stefnandi hugsi sér að sækja stefnda til ábyrgðar fyrir það. Samkvæmt dskj. nr. 51 hafi svokallaður „Bylgjukvóti“ sest að á vs. Bylgju I, SH-273, skipaskrárn. 1519, við úthlutunina árið 1991.

Stefndi kveður enga tilraun hafa verið gerða til þess að sýna fram á hið ætlaða fjártjón stefnanda. Aðeins sé sagt, að tjónið sé meira en nemi stefnufjárhæð. Við sundurliðun stefnukröfunnar sé stuðst við sundurliðun stefnukröfu í máli stefnanda á hendur ríkisvaldinu, að því er varði fyrsta kröfuflið, sbr. dskj. nr. 39. Virðist stefnandi því vera að tvítaka sömu dómkröfurnar fyrir dómstólum gegn óskyldum aðilum, og beri því að vísa þeim hluta kröfugerðarinnar frá dómi, sbr. 116. gr. laga nr. 91/1991.

Stefndi kveður kröfuflið tvö ekki eiga sér nokkra stoð í samskiptum aðila, hvorki í samkomulagi þeirra frá því í febrúar 1990 né í öðrum sannanlegum lögskiptum þeirra á milli. Aðeins hafi verið samið um, að stefndi legði upp hjá stefnanda sem næst 90 tonn af afla bátsins á vertíðinni á því verði, sem um semdist. Við þetta hafi verið staðið, sbr. dskj. nr. 71. Kröfu stefnanda

um leigugjald fyrir þann hluta kvótans, sem hafi verið umfram þann kvóta er báturinn hefði ella fengið, sé því mótmælt sem rangri og haldlausri. Kveðst stefndi vísa til þess, að fiskvinnslufyrirtæki stefnanda hafi fengið þann hluta kvótans til verkunar, allt í samræmi við samkomulag aðila. Stefndi bendir og á, að „Bylgjukvótinn“ árið 1990 hafi fallið dauður niður, hefði þetta samkomulag ekki komið til. Stefnandi hafi haft sinn ábata af samkomulaginu eigi síður en stefndi, þó að deila megi um aðferð þeirra um framkvæmd þess.

Stefndi mótmælir sérstaklega dskj. nr. 20, sem hafi að geyma yfirlýsingu Baldvins Leifs Ívarssonar, sonar stefnanda. Efni yfirlýsingarinnar sé mótmælt sem röngu og að á því verði ekki reist neins konar sönnunarfærsla vegna tengsla yfirlýsingargjafa við stefnanda málsins. Sönnunarfærsla í formi vitnisburðar fyrir dómi, eftir að vitni hafi gefið slíka yfirlýsingu, sé andstæð öllum meginreglum réttarfarslaga um það, að leiða eigi vitni fyrir dóm og taka þar af þeim skýrslu.

Þá mótmælir stefndi sérstaklega sem röngum þeim ummælum, sem höfð séu uppi eftir Birni Erlingi Jónassyni, aðalhluthafa Valafells hf. og skipstjóra á skipi félagsins, vs. Ólafi Bjarnasyni, SH-137, innan tilvitnunarmerkja í stefnu. Enn fremur eigi vitnið mikla hagsmuni undir úrslitum málsins og einnig máls stefnanda á hendur ríkisvaldinu.

VI.

Með dómi Hæstaréttar frá 23. nóvember var staðfestur dómur Héraðsdóms Reykjavíkur í máli Ívars Baldvinssonar, stefnanda máls þessa, á hendur sjávarútvegsráðherra og fjármálaráðherra f. h. íslenska ríkisins, þar sem stefndu voru sýknaðir af kröfu stefnanda. Í máli þessu var staðfest synjun sjávarútvegsráðuneytisins frá 1. mars 1990 við beiðni stefnanda og Valafells hf. 26. febrúar sama ár um flutning aflahlutdeildar af mb. Pétri Jacobi II, SH-337, yfir á mb. Ólaf Bjarnason, SH-137, í eigu hlutafélagsins.

Eins og fram hefur komið í málavaxtalýsingu hér að framan, afsalaði stefndi stefnanda bát sínum, Pétri Jacobi II, 19. febrúar 1990. Afsal þetta var gefið út „til málamynda“, þ. e., að ætluin aðila var einungis sú að fá úthlutað kvóta á bátinn á grundvelli veiðireynslu stefnanda. Við aðilayfirheyrslur hér fyrir dómi kom fram, að aðilar málsins bjuggust við því, að bátnum Pétri Jacobi II yrði úthlutað 50-60 tonnum, en 100 tonnum meira, ef aðilar gætu með málamyndagerningi fært kvóta Bylgjunnar yfir á Pétur Jacob II.

Aðilar virðast hafa haft grun um, að til stæði að breyta veiðileyfakerfi báta í þessum stærðarflokki og að kvóti þeirra yrði seljanlegur eins og aflakvóti stærri skipa.

Samningur aðila um þessi kvótaviðskipti var munnlegur. Samkvæmt yfirheyrslum hér fyrir dómi virðist efni samkomulagsins hafa verið á þá lund, að stefnandi eignaðist þann umframkvóta, sem settist á bátinn Pétur Jacob II.

Fyrir liggur og óumdeilt, að báti stefnda, Pétri Jacobi II, SH-337, var af stjórnvöldum úthlutað kvóta fyrir tímabilið 1. janúar 1991 til 31. ágúst s. á. samkvæmt veiðireynslu þess báts árin 1987 – 1989, en ekki í samræmi við veiðireynslu bátsins Bylgjunnar, eins og aðilar máls þessa höfðu búist við og málamyndagerningar þeirra áttu að tryggja. Sú fyrirætlan aðila að fá úthlutað kvóta fiskveiðiárið 1991 á bátinn Pétur Jacob II á grundvelli aflareynslu stefnanda brást því. Hefur stefnandi ekki sýnt fram á það, að aflaúthlutun þessi hafi verið röng eða á ábyrgð stefnda.

Í samræmi við þessa hugmynd aðila um kvótaúthlutun seldi stefnandi hlutafélaginu Valafelli 50 tonna aflakvóta með kaupsamningi, dagsettum 13. júlí 1990. Á þeim tíma höfðu nýju lög um stjórn fiskveiða nr. 38/1990 verið samþykkt á Alþingi, en þau tóku ekki gildi fyrir en 1. janúar 1991. Virðast aðilar ekki hafa haft hugmynd um efni þessara laga á þeim tíma.

Samkvæmt framansögðu virðist forsenda beggja aðila fyrir umdeildu samkomulagi hafa verið sú, að úthlutun aflakvóta á Pétur Jacob II yrði með þeim hætti, að svonefndur „Bylgjukvóti“ settist á bátinn. Hins vegar brugðust þessar forsendur aðila, þar sem ný lög kváðu á um aðra skipan á úthlutun aflaheimilda. Þar með verður að telja, að forsendur stefnanda fyrir sölu á 50 tonna kvóta til Valafells hf. hafi brugðist. Afsalsgjöf stefnanda til stefnda 22. febrúar 1991 var einn liður í leik aðila við að fara í kringum lög og reglugerðir, en ekki á grundvelli eiginlegra kaupa. Verður ekki talið, að stefndi beri ábyrgð á þessari sölu.

Viðskipti aðila voru til þess ætluð að fara í kringum gildandi lög og reglur og hagnast þannig á aflaúthlutun stjórnvalda, og er ekkert það fram komið, sem bendir til annars en að báðir aðilar hafi tekið þátt í þessum leik án þess að hafa verið til þess blekkfir. Með vísan til framanritaðs verða þeir að bera hallann af þessum vonarviðskiptum sínum sjálfir, en verða nú ekki aðstoðaðir við að jafna út ætluðum gróða eða tapi á réttindum, sem ekki voru þeirra og fengin voru með þessum hætti.

Ber því samkvæmt framansögðu að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda í málinu.

Samkvæmt þessari niðurstöðu þykir rétt, að hvor aðili um sig beri kostnað af málinu.

Hervör Þorvaldsdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

1602

D ó m s o r ð:

Stefndi, Finnur Gærdbo Pétursson, skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Ívars Baldvinssonar, í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.
